



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Maríuborg

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1. Greinagerð leikskólastjóra:.....	3
2. Innra og ytra mat í leikskólans fyrir 2022-2023.....	6
Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024 (heildarmat leikskólans) .....	7
3. Innra mat deilda .....	8
3.1 Púfa.....	8
3.2 Laut.....	11
3.3 Lundur .....	12
3.4 Brekka.....	14
3.5 Maríustofa .....	16
4. Innra mat sérkennslu.....	18
5. Innra mat – fjöltyngd börn .....	20
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
8. Foreldrasamvinna.....	23
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	24
10. Fylgiskjöl .....	24
<b>10.1 Fylgiskjal 1-Umsögn foreldraráðs.....</b>	<b>25</b>
Um starfsáætlanir leikskóla .....	26
Mat á leikskólastarfi .....	27
Umsögn foreldraráðs:.....	27
<b>10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2023-2024 .....</b>	<b>29</b>
Um skil á starfsáætlun 2023-2024.....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>





## Leiðarljós leikskólans: Leikur -Samskipti – Námsgleði

Einkunnarorðin okkar og megingildi, leikur, samskipti, námsgleði móta hugmyndafræði okkar. Allt sem við gerum er til að efla og örva leik barnanna, styðja við og kenna jákvæð samskipti og stuðla að námsgleði, forvitni og fróðleiksfýsn. Hugmyndafræði okkar og einkunnarorð styðjast við kenningar John Dewey, Howard Gardner, William Damon og Daniel Golman. Nánar má lesa um hugmyndafræði okkar í námskrá Maríuborgar sem kom út 14. nóvember 2015.

### 1. Greinagerð leikskólastjóra:

Starfsárið 2022-23 fór vel af stað en tók þó óvænta stefnu hjá okkur í Maríuborg. Leikskólastjórinn sem var í afleysingum fyrir skólastjóra sagði upp í október 2022 og hætti störfum um áramót. Ég undirrituð starfaði þá sem deildarstjóri á yngstu deild en tók við stöðu leikskólastjóra á meðan málin skýrast varðandi starfandi skólastjóra.

Ákveðið var að halda í menningu skólans og skapa festu þrátt fyrir langtímaveikindi starfsmanna og stjórnendaskipti. Í heildina litið hefur þó gengið vel og náðst að skapa festu í starfsmannahópnum með samvinnu og með að þétta hópinn saman.

Haldinn var starfsmannafundur og viðverustefna kynnt. Farið var yfir mikilvægi mætingu og átak gert í skammtímaveikindum. Samhliða því að koma á sameiginlegum skilning hvernig við gerum vinnustaðinn okkar betri með því að geta treyst á hvort annað. Árangur hefur náðst og finnur starfsfólk mun á starfinu þegar allir vinna saman að sömu markmiðum.

Samvinnan hér hefur stórukist og tölum við um að jafna fólki í húsi. Við leggjum áherslu á að vinna sem ein heild. Það hefur gefist mjög vel og þannig sköpum við góðan starfsanda.

Óneitanlega verða breytingar hjá okkur í haust og eigum við eftir að ráða í nokkrar stöður til að vera fullmönnuð.



Við settum markmið og náðum mörgum þeirra, en þó ekki öllum. Unnið var mikið með Blæ og Lubba. Deildarstjórar sóttu námskeið í Blæ á vegum Barnaheilla til að geta kafað dýpra í námsefnið og tókst það vel til. Deildarstjórar miðluðu þekkingu sinni sem þau fengu á námskeiðinu til samstarfsfólks. Lubbi hefur einnig lengi átt sinn sess hér í skólastarfinu og til að mynda eru flest börn á yngri og eldri kjarna farin að þekka helstu máhljóðin auk þess eru sum farin að tengja máhljóðin saman.

Við fengum aftur til starfa danskennara og hafa verið markvissar dansstundir hér í vetur fyrir tvo elstu árgangana. Börnin eru afar áhugasöm og hafa sýnt fyrir foreldra sína í opnu húsi og munu útskriftarbörnin sýna dans á útskriftarhátíðinni.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu veglegt námskeið varðandi innleiðinguna Betri borg fyrir börn. Ljóst er að verkefnið er umfangsmikið en engu að síður mjög gagnlegt. Búið er að skipa lausnarteymi og vinnum við með það. Mikill áhugi er hjá okkur að vinna verkefnið þannið að það nýtist börnunum sem best. Við myndum vilja geta sinnt þessu betur ef við hefðum sérkennslustjóra, en undanfarið skólaár hefur aðstoðarleikskólastjóri sinnt stöðu sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjórastöðu.

Við nýttum starfsdagana til að fá námskeið á vegum Miðju máls og læsis m.a. námskeiðið Gefðu 10. Það var mjög gagnlegt og fengum við aukna fræðslu um hæfniramma á deildarstjórufundi. Við munum halda áfram að vinna með þetta spennandi verkefni.

Samfélagið okkar er í mikilli þróun og því fylgja margar áskoranir og tækifæri. Við erum orðin fjölmenningarlegt samfélag og gríðarlega mikilvægt að opna þá umræðu í vinnu með börnunum. Við lesum fyrir þau bækur um ólíkt fjölskyldumynstur og fjölbreytileika. Við tengjum þá fræðslu og notum námsefnið Blær frá Barnaheill. Mikilvægt er að kenna börnum að allir eru eins að upplagi og að kenna börnum að bera virðingu fyrir hvort öðru. Þetta styrkir börnin og gerir þau öruggari í samskiptum og hjálpar til við að byggja upp jákvætt sjálfsmat.

Í vor fóru starfsmenn í námsferð til Gdansk í Póllandi. Ellefu starfsmenn fóru og heimsóttu við tvo leikskóla og sátum við námskeið. Þetta var mjög lærdómsrík ferð og gaman að sjá hvað leikskólastarfið er ólíkt. Allir voru sammála um að við höfum það mjög gott hér í okkar lærdómsumhverfi og í heild erum við þakklát fyrir okkar vinnuumhverfi.

Niðurstöður starfsmannakönnunar komu almennt mjög vel út. Kjaramál starfsmanna skoruðu lægst en almennt séð var mikil ánægja með starfsumhverfi og stjórnun. Í starfsþróunarsamtölum kom í ljós að almennt líður fólki vel og finnst góður andi í húsinu. Það er okkar stefna að halda í góðan og jákvæðan anda svo öllum líði vel.



Nýtt skólaár leggst vel í okkur, Maríuborg er orðin rótgróinn leikskóli og hefur gott orðspor á sér og gerum við allt til að halda í okkar hefðir og menningu. Þó að það náðist ekki að ljúka öllum þeim markmiðum sem við settum okkur mun vera tekið á þeim með föstum tókum á nýju skólaári. Okkar stefna er að vinna áfram með þau gildi sem við höfum sett okkur sem eru leikur, samskipti og námsgleði.



## 2. Innra og ytra mat í leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

Matsfundur allra starfsmanna var haldinn á skipulagsdegi þann 3. febrúar 2023. Haldinn er einn matsfundur á ári á skipulagsdegi þar sem skapast vettvangur fyrir starfsfólk að meta innra starf leikskólans. Hver og einn starfsmaður fær matsblað með tveimur stjörnum og tveimur laufblöðum. Stjörnur standa fyrir það sem vel hefur gengið en laufblöð fyrir það sem betur má fara í leikskólastarfinu. Yfirmenn fara yfir allar niðurstöður með hópnum. Allir starfsmenn taka þátt og hver og einn kemur skoðun sinni áleiðis. Svo ræðum við hvernig við getum bætt úr þeim þáttum sem þarf að laga.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfið í heild	Laufblöð og stjörnur á matsfundi	Allir starfsmenn	Sett er upp umbótaráætlun og unnið er út frá henni.

### Ytra mat

Starfsmannakönnun var lögð fyrir dagana 16. nóvember til 16. desember 2022. Hún var framkvæmd af Stofnun ársins sem tók við af skóla og frístundarsviði. Allir starfsmenn fengu tengil í tölvupósti og var þátttakan góð. Það sem skoraði lægst hjá okkur voru launakjör (2,69) og það sem skoraði hæst var stjórnun (4,52), ímynd (4,56), ánægja og stolt (4,48). Meðalskorið var 4,15.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Rafræn könnun	Starfsmenn	Starfsmannakönnun kom mjög vel út.



## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024 (heildarmat leikskólans)

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Viðverustefna	Minnka skammtíma veikindi	Skoðum tölfræði, sameiginleg ábyrgð. Tökum út orðið álag og setjum inn samvinna	Leikskólastjóri Aðstoðarleik- skólastjóri starfsmenn	Janúar 2023	Nóv. 2023	Clicksense Starfsmanna fundur,	skráningar.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Sérkennsluverk-efni	Nýta betur sem við eigum til	Kynna sér allt sem til er	Allir starfs- menn	Sep 2023	Maí 2024	Á skipulags-degi í 24. nóvember	Að ná að nýta námsefnið betur inn á deildum
Málörvun	Málörvun fari meira inn í deildarstarfið	Sérkennslu stjóri kynni betur námsefnið sem til er	Allir starfs- menn	Sep 2023	Maí 2024	Á skipulagsdegi 17. maí	Málörvun verði markviss inn á öllum deildum
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							



Umhverfismennt	Vinna markvissara með umhverfis mennt	Virkja börnin betur	Allt starfsfólk	Sep 2023	Maí 2024	Matsfundir	Allar deildar flokki betur
Umgengni	Allir hjálpast að við að halda leik skólanum snyrtilegum	minna hvort annað á	Allt starfsfólk	Jan 2023	Maí 2024	Skipulagsdagur 17. maí 2024	Góð umgengni
Innra mat							
Deildarfundir	Halda sig við ákveðna fundatíma	Halda fundi þó það vanti starfs menn	Deildar stjórar	Sep 2023	Maí 2023	Fagfundur í maí 2024	Festa funda tíma í hverjum mánuði
Undirbúningur	Að þeir falli ekki niður og skrá niður	Nýta lausan tíma og nýta mann auðinn	Deildar stjórar og stjórnendur	Sep 2023	Maí 2023	Fagfundur í maí 2024	Líta yfir skráningar

### 3. Innra mat deilda

#### 3.1 Þúfa

Veturinn 2022-2023 voru 16 börn á Þúfu, 10 stráka og 6 stelpur. 6 börn eru fædd 2020 og 10 börn 2021.

**Samverustund/hópastarf:** Börnunum er oft skipt niður í minni hópa og nýtum við svæðin í leikskólanum vel. Börnin eru í skipulagðri samverustund á hverjum degi klukkan 11:25 – 11:45. Starfsfólkið skiptir samverustundum og tekin fyrir ákveðið umræðuefni hvern. Tekið er mið af þeirra áhugasviði hugmyndum barnanna.

Á mánudögum er farið í fugla og blómþema þar sem sýndar eru myndir af blómum og fuglum. Síðan er lesin bók um íslensku fuglana svo hlusta börnin á hljóðin sem þeir gefa frá sér.





Á þriðjudögum er Lubbastund þar sem eitt máhljóð er tekið fyrir og farið yfir kassa af hlutum sem eiga það máhljóð. Stundum er farið yfir þau máhljóð sem við höfum þegar lært, það saman máhljóð og nöfn barnanna. Einnig lesum við líka bók um stafrófið.

Á miðvikudögum er litakennsla þar sem farið er yfir litina með ýmsum hætti. Lesin er bók um litina og börnin benda á þann lit sem um ræðir, einnig draga þau hluti og segja hvernig þeir eru á litinn. Lög eru svo sungin sem litir koma fram í textanum.

Á fimmtudögum er farið í tölustafi með ýmsum hætti. Lesin er bók og hlutir eru taldir á myndunum. Sungin eru lög þar sem tölur koma t.d. Fimm litlir apar, einn litlir, tveir litlir fingur.

Á föstudögum er Blæstund þar sem lesið er úr Blæbókunum þar sem er talað um stórar tilfinningar, lífið í leikskólanum og myndaðar umræður út frá því. Börnin fá litlu Blæ bangsana til að halda á og við syngjum Blæ lög saman. Stundum tökum við mjúkan bolta og köstum á milli við lagið Boltaleikur.

**Salur:** Þúfa á salinn á miðvikudögum og setjum við þá upp þrautabraut eða fótoltamörk eða förum í hreyfileiki.

**Kubbastofa:** Á þriðjudögum á þúfa kubbastofuna, þar leikum við/byggjum úr stórum svampkubbum. Einnig nýtum við slæður, veifur, búninga, bolta og fl.

**Söngsalur:** Á hverjum föstudagsmorgni hittast allir á leikskólanum í salnum og syngja saman. Deildir leikskólans skiptast á að stýra söngsal. Þegar þúfa stýrir söngsalnum velja þúfubörnin lög úr lagapokanum okkar, hafa loðtöflusögu, sýna dansatriði o.s.frv.

**Matmálstímar:** Morgunmat er frá 08:10 – 08:50, hádegismatur er frá 11:45 – 12:00 og síðdegishressing frá 14:50 – 15:10. Börnin hafa öll merkt sæti og eru fljót að átta sig á því. Stólarnir eru einnig í þeirra hæð þannig að þau geta farið sjálf og sest. Lögð er áhersla á að börnin borði snyrtilega með gaffli eða skeið og erum við fljót að venja þau af stútkönnum. Okkur finnst mikilvægt að börnin smakki allt á disknum og klári það sem þau eru með áður en þau biðja um meira/annað. Þegar allir eru búnir að borða er farið yfir hvað var í matinn og tákn notuð samhliða með tali, síðan er þakkað fyrir matinn og allir þurrka sér með þvottapoka.

**Útivera:** Lögð er áhersla á að börnin fari daglega út fyrir hádegi. Einnig er farið út eftir síðdegishressinguna ef veðrið er gott. Börnin hafa aðgang að bæði litla garði sem er afgirtur og stóra garðinum, en mörg eru þau mörg farin að geta notað stóru leiktækin og hjóla og hlaupa um allt. Minni garðurinn er þægilegur þegar veðrið er síðra og þegar byrjað er að bjóða börnunum inn.



**Frjáls leikur:** Frjáls leikur er stór þáttur í starfi okkar. Þar efla börnin félagstengsl, skiptast á dótir og leysa ágreining.

**Ferðir:** Reynum að vera dugleg við að fara í gönguferðir í Grafarholtinu og leika á hinum ýmsu leikvöllum hér í kring.

### **Endurmat fyrir skólaárið 2022-2023**

Þar sem Þúfa er yngsta deild leikskólans byrja yfirleitt mörg börn þar á hverju hausti og tekur aðlögun barna sinn tíma. Aðlögun gekk mjög vel á tímabilinu, en að sjálfsgöðu voru nokkur börn sem áttu erfitt til að byrja með. Við vorum heppin með foreldrahópinn okkar og hversu opin þau voru fyrir samvinnu og að taka aðlögun hægar til að auðvelda barninu og okkur á deildinni fyrir.

Dagskipulagið gekk mjög vel og náðum við að sinna verkefnavinnu í hverjum mánuði og útbúa skjöl fyrir ferilmöppu sem tengdust henni. Gott dagskipulag er á deildinni og starfsfólk mjög samtaka. Börnin vita til hvers er ætlast að þeim og eru mörg með skipulagið alveg á hreinu og fara sjálfkrafa í næsta lið.

Það gekk vel að skipta samverustundum niður og að hver hafði sinn dag og sitt umræðuefni. Þá gat sá sem leiddi samverustundina undirbúið sig og unnið markvisst með sitt efni og notað ímyndunaraflið í útfærslunni. Barnahópurinn hefur sýnt miklar framfarir í litum og tölunum sem sýnir okkur vel að þessi markvissa kennsla skilar sér.

Við hlustum eftir áhugasviði barnanna og grípum tækifærið og setjum þeirra áhugasvið inn í kennsluna.

Við vildum efla sjálfstæði barnanna og gekk það mjög vel. Mörg börnin klæða sig úr og í inniföt alveg sjálf, ganga frá í skúffurnar sínar, þvo sér um hendur, og pissa í koppinn eða klósett. Einnig reynum við að ýta undir samvinnu barnanna og að þau hjálpi hvort öðru, sem hefur skilað sér vel.

Markmiðið sem við settum okkur síðast var að fara í fleiri gönguferðir. Við náðum ekki að fara einu sinni í mánuði eins og stefnt var að, en fórum einu sinni í strætó á bókasafnið í Dalskóla og löbbaðum til baka. Einnig var farið nokkrum sinnum í gönguferðir um Grafarholtið og leikið á leikvöllum hér í kring.

Foreldrasamskipti hafa gengið mjög vel. Foreldrar tala vel um leikskólann og deildina í foreldraviðtölum og voru ánægð með opna húsið og hinar ýmsu uppákomur í leikskólanum. Við höfum nýtt mikið skilaboð á Völu til að koma einhverju til skila til foreldra eða þau til okkar.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hljóðfæri/tónlist	Nýta hljóðfæri og tónlist meira í starfi	Festa tíma fyrir hljóðfæri og markvisst starf	Deildar stjóri	Ágúst 2023	Júní 2024	Endurmat á deildarfundum	Hljóðfæra stund einu sinni í viku. Æfa ákveðin lög og sýna í salnum við tækifæri

### 3.2 Laut

Innra mat leikskólaársins 2022-2023, en þar voru 19. Börn. 5 börn fædd 2019 og 14 börn fædd 2020.

Aðlögun gekk yfir heildina vel en nýr deildarstjóri tók við í lok september. Markmið vetrarins var að koma meiri festu á starfið á deildinni, koma á góðri samvinnu á milli kennara og foreldra og þetta barnahópin. Sett var upp dagskipulag og ramma inn skólastarfið með vellíðan barnanna í forgangi. Að okkar mati gengu þessir hlutir vel með góðri samvinnu og aðstoð.

Alla daga var samvera sem innihélt til skiptis: Loðtöflusögur, Blæ stund, Lubba stund, söngstund og dans. Einbeiting barnanna jókst mikið eftir á sem leið á veturinn og voru börnin mjög áhugasöm í samverustundinni og tóku virkan þátt.

Útiveran þennan veturinn var ekki eins og best hefði verið á kosið vegna erfiðs veðurfars en markmiðið er að komast út a.m.k einu sinni á dag en það tókst ekki alltaf vegna kulda. Nýting á svæðum innanhús eins og kubbastofu-sal og listastofu var því góð. Hreyfing og fjölbreyttir leikir og samskiptahæfni var þar í fyrirrúmi.

Það tók tíma að koma skipulagi á deildina í haust, mikið af starfsmönnum sem hafði ekki unnið saman áður og barnahópurinn mjög fjölbreyttur. Einnig var deildarstjórinn að stíga sín fyrstu skref með að stýra deildinni og upp komu krefjandi aðstæður. Deildarfundir voru nýttir til að fara yfir skipulagið á deildinni og starfsfólk ræddi saman hvernig hægt væri að stilla betur strengi. Ávinningurinn fór að sjást eftir áramót og hefur starfsemin á deildinni gengið vel eftir að allir fóru að vinna vel saman.



Starfsfólk var duglegt að lesa loðtöflusögur fyrir börnin en þau voru mjög dugleg að hlusta enda sögurnar í samræmi við þeirra helsta áhugasvið. Börnunum var skipt upp í hópa og farið var með litla hópa í göngutúra í nærumhverfinu og vakti það mikla lukku hjá börnunum. Áður en haldið var af stað var farið yfir hvað þeim langaði helst til að sjá í vettvangsferðinni og vakti það mikla kátínu þegar þau sáu það sem þau voru að vonast eftir.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Faglegt starf</b>	Skipta börnunum meira niður í hópa. Fylgja áætlun. Fylgja betur eftir verkefnavinnu	Eftirfylgni og undir búningi, skýrum samskiptum	Deildar stjóri og hóp stjórar	Ágúst 2023	Maí 2024	Endurmat á deildarfundum, Fara yfir í hverjum mánuði	Ferlimöppur
<b>Dagskipulag</b>	Vinna eftir betra skipulagi	Vinna betur saman sem heild	Deildar stjóri, starfsfólk á deildum	Ágúst 2023	Maí 2024	Fara vel yfir samstarfið á deildarfundum	Taka saman og rýna í hvernig hefur tekist til

### 3.3 Lundur

Skólaárið 2022-2023 voru 22 börn á Lundi. 9 börn fædd árið 2019 og 13 börn fædd 2018.

Hópastarf er alla daga vikunna nema föstudaga en þá er flæði. Hópastarfið saman stendur af lífsleikni, listum, hreyfingu, dansi og kubbastofu. Unnið er með bókstafi og Lubbi notaður til að kenna máhljóðin, tölustafi og allskonar hugarleiki t.d lita og teikna eftir fyrirmælum í verkefnabók. Einnig er farið í minnisleiki. Unnið var mikið með vináttuverkefnið Blær frá Barnaheill. Margir kennarar fóru á námskeið í vetur til að dýpka kunnáttu sína og er Blæstund að minnsta kosti einu sinni í viku. Okkur finnst þetta verkefni hafa skilað sér vel til barnanna og með því vinnum við með gildin okkar sem eru m.a. vinátta og hjálpssemi.



Öll börnin fara í útiveru einu sinni á dag og ef veðrið er gott förum við tvisvar út. Við erum með fallett útisvæði í kringum leikskólann, leiksvæði og mikið af göngustígum sem eru við náttúruna. Úti fá börnin mikið af hugmyndum. Viðfangsefni fyrir börnin í göngutúrum er t.a.m að tína laufblöð og nota síðan þann efnivið í fræðslu um haustið og í fönður. Börnin útfærðu sína haustmynd þegar til baka var komið með því að mála handlegginn á sér sem tré og stimpla á blað og líma laufblöðin á myndina.

Mikill áhugi myndaðist í þessari vinnu og spurningar vöknuðu um af hverju laufblöðin detta af og eftir stendur tré með engin laufblöð, en það fannst þeim sorglegt og ákváðu þau því að perla skraut og skreyta eitt tré í leikskólanum.

Í Maríuborg vinnum við eftir ákveðnu hópahefti. Ákveðið þema er í hverjum mánuði. Þar fá börnin tækifæri til að láta ljós sitt skína og koma með hugmyndir að vinnu og útfæra þær eftir sínu höfði með lýðræðislegu sjónarhorni í huga. Skráning verkefna er bæði skriflegt og myndrænt sem fer svo í ferlimöppur barnsins sem börnin fá þegar þau útskrifast.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Málörvun</b>	Auka mál örvun	Markviss málörvun í samveru stundum. Lubbi, orðagull	Deildar stjóri og aðrir starfmenn	Ágúst 2023	Maí 2024	Endurmat á deildarfundum, Fara yfir 2x í mánuði	Málörvun a.m.k. 4x í mánuði
<b>Líkaminn minn</b>	Auka vitund um líkamann	Lesi bækur um líkamann	Deildar stjóri, starfsfólk á deildum	Ágúst 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum 2x í mánuði	Minnst 2x í mánuði



### 3.4 Brekka

#### **Brekka – Veturinn '22-'23**

Skólaárið á Brekku var skipulagt, fróðlegt, krefjandi og mjög skemmtilegt.

Voru 22 börn í tveimur árgöngum, 16 börn í skólahóp sem eru fædd 2017 og 6 börn fædd 2018. Þrjú börn voru með stuðning þetta árið hjá okkur.

Elsti árgangurinn hjá okkur sem við köllum jafnframt Skólahóp var að vinna í Snillingaheftinu sínu hjá okkur. Þar var unnið var með bókstafi, tölustafi og fínhyfingar. Lubbi finnur málbein kemur sterkur inn í það verkefni, kennir börnunum máhljóð einu sinni í viku sem við vinnum svo með. Börnin segja hvaða orð hefjast á hverjum staf og svo er unnið með hann í Snillingaheftinu. Þar er bókstafurinn skrifaður, bæði stór og lítill og æfum fínhyfingar í leiðinni. Einnig fóru börnin í skipulagðar heimsóknir í Ingunnarskóla einu sinni í mánuði. Skólahópur vann með þemaverkefni eins og síðustu ár. Þar velja börnin sjálf viðfangsefnið og í ár voru dýr á Íslandi sem urðu fyrir valinu. Verkefnið vakti mikla lukku, margir fundu eða komu með bækur með því dýri sem við lærðum um þá vikunna. Einnig fundum við saman tónlist með dýrum, söngva og myndbönd. Börnin voru mjög áhugasöm og verkefnið heppnaðist mjög vel, sem gladdi okkur kennarana.

Yngri hópurinn sem fékk nafnið Fánahópur vann einnig í verkefnahefti þar sem unnið var með fínhyfingar og tölustafi.

Báðir hóparnir unnu svo með hópahefti þar sem ákveðið var þema í hverjum mánuði og þar er komið inn á litavikur, lífsleikni, fjölskylduna, leikskólann og margt fleira skemmtilegt. Lubbi kenndi okkur máhljóð einu sinni í viku og einnig kom Blær vináttubangsi reglulega í heimsókn til okkar og kenndi okkur margt um vinsemd. Danstímar bættust inn í starfið okkar þetta árið, sem var mjög skemmtileg viðbót. Danskennari tók báða hópana einu sinni í viku og kenndi þeim grunnsporin í samkvæmisdönsum.

Við á Brekku fórum reglulega í vettvangsferðir sem voru í boði fyrir okkur, en það var í boði meira fyrir elstu börnin eins og gengur og gerist. Einnig vorum við dugleg að fara með öll börnin út fyrir garðinn í styttri ferðir og nýttum nærumhverfið okkar vel.

Rakaskemmd fannst inn á deildinni okkar, sem setti stórt strik í reikninginn hjá okkur. Allir á deildinni þurftu að flytja inn í sameiginlegt rými í leikskólanum og þar reyndum við með góðri hjálp að halda markvissri verkefnavinnu áfram. Við vorum einnig mjög heppin að frístundarheimili Ingunnarskóla



lánaði okkur svæðið sitt fyrir hádegi á hverjum degi. Mörgum fannst ákaflega spennandi að breyta til en flestir voru ansi fegnir að komast aftur inn á sína deild.

Við náðum að vinna með þá umbótaþætti sem við lögðum upp með. Náðum að vinna markvissara með Lubba - finnur málbein. Við tókum hvert máhljóð lengra fyrir sig, fundum bæjarmerki hvers staðar sem hann fer til, skoðuðum og ræddum um það hverju sinni. Blær kom reglulega í heimsókn til okkar og kenndi börnum um vináttu og sagði þeim sögur. Stefnan er að fara enn lengra með hann næst komandi haust. Hafa hann enn meira sýnilegan og í skipulögðum stundum í hverri viku. Þemaverkefnið okkar er líka alltaf að þróast meira með hverju árinu. Þetta árið voru dýr á Íslandi fyrir valinu og eitt dýr var tekið fyrir í hverri viku. Við fræddumst um það dýr og síðan teiknuðu börnin sína útgáfu af dýrinu og sögðu frá. Einnig fundu börn og kennarar bækur sem dýrin voru í, fundum lög, tónlist og vísur um dýrið/dýrin. Í lok hvernar viku fundum við myndbönd á netinu þar sem dýrin voru í aðal hlutverki. Í lok tímabilsins var endað á stóru verkefni þar sem hvert og eitt barn valdi sér eitt til tvö dýr til að vinna markvissara með. Annars vegar leiruðu þau úr trölladegi og máluðu sitt uppáhalds dýr, hitt eða sama dýrið teiknuðu þau og máluðu á blað. Þegar nær dró vori vorum við einnig dugleg að fara út og fylgjast með Krumma, en hann spilar mjög stórt hlutverk inn á Brekku. Börn og kennarar fóru út með fjölbreyttan mat fyrir Krummana í hverfinu og þar sem þau fylgdust með þeim borða og fara með í hreiðrið sitt sem við sjáum með því að fara út í garðinum okkar. Næsta haust ætlum við að halda áfram að vinna með þessa hluti, því að það hefur sýnt sig síðustu ár að börnin sýna þessum mikinn áhuga.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Barnahugmyndir	Virkja börnin meira í starfinu	Fá hugmyndir frá börnunum í hóp einstaklings miðað	Deildar stjóri Hóp stjórar	Sep 2023	Vor 2024	Á deildar fundum	Skráning
Blær/ vináttubangsi	Vinna mark vissara. Hafa hann sýnilegri	Vera áfram með fasta daga	Hóp stjórar	Sep 2023	Vor 2024	Á deildar fundum	Skráning
Deildarfundir	Festa þá aðra hverja viku	Eftirfylgni	Starfmenn eldri kjarna gæta þess að hann sé haldinn	Sep 2023	Vor 2023	Á fagfundi vor 2023	Skráning í dagbók

### 3.5 Maríustofa

Leikur samskipti og námsgleði eru einkunnarorðin og megingildi Maríuborgar og eru þau leiðarljós okkar í starfi með börnunum á Maríustofu.





Haustið 2019 var ákveðið að Maríustofa sem er deild í litlu húsnæði á lóðinni myndi henta yngri börnum betur svo nokkrar breytingar voru gerðar inni svo hægt væri að taka á móti þeim.

Á Maríustofu veturinn 2022 -2023 voru tíu börn öll fædd 2019.

Við leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og að hlustað sé á þau og sjónarmið þeirra virt auk þess sem við leggjum áherslu á að nota orð yfir athafnir. Við vinnum eftir jákvæðum aga 1.2.3. töfrar svo börnin hafa allaf val. Starfið er tengt læsisstefnunni, en dagskipulagið er myndrænt og nöfn barnanna sýnileg. Starfsmaður sem sér um stuðninginn fylgir sínum nemanda gegnum starfið ásamt því að fara með barnið í sínar sérkennslustundir. Stundum býður hann öðrum nemendum með af deildinni og stundum er einstaklingsþjálfun í sérkennsluherbergi. Deildastjóri sér um skráningar á verkefnum og þau fara í ferilmöppu. Einnig erum við með skipulagðar lubbastundir, blæstundir, og samverustundir.

Dagskipulag: Söngstund er 3 sinnum í viku og hvert barn hefur sitt sæti og er sætið merkt með mynd. Farið er í táknlag mánaðarins og lag vikunnar samkvæmt Sönghefti Maríuborgar. Við æfum okkur að klappa atkvæðin í nöfnum barnanna . Lubbi og málbeinið, máhljóðin, rím og hlustað er á Lubbadiskinn og hvert barn býður Lubba góðan dag og knúsar hann. Unnið er líka með Blæ einu sinni í viku og lesin er einn kafli úr bókinni Lítil bók um Stórar tilfinningar og smá umræður myndaðar út frá hvernig börnunum líður og gefst þeim kostur á að tjá sig um sína líðan. Við skoðum spjöldin sem fylgja námsefninu og börnin leiða svo umræðuna í kjölfarið.

Hópastarf er 3 sinnum í viku. Börnunum er skipt upp í tvo hópa s.s. fimm í hverjum hóp .Börnin fara í kubbastofu, í frjálsan leik þar sem hugmundaflugið fær að njóta sín og skipulagða hreyfingu í sal þar sem áherslan er lögð á grófhreyfingar og ýmsar þrautir sem þeim finnast skemmtilegar.

Við förum út daglega og stundum tvisvar á dag. Deildin er í litlu húsi á lóðinni svo við erum dugleg að nýta þau svæði sem að leikskólinn býður upp á. Við erum með fallett útisvæði og nærumhverfi og notum við það óspart.

**Foreldrafundur** að hausti þá er kynning á starfinu fyrir veturinn.

**Foreldraviðtöl** eru tvisvar á ári eitt að hausti og þá er yfir hvernig aðlögun gekk og líðan barnsins á leikskólanum. Að vori er síðan eitt viðtal og en þá farið í fín og grófhreyfingar og farið eftir matslista sem við vinnum eftir.

Umbætur frá síðasta ári .

Börnunum er ávallt skipt í litla hópa svo gæðastundirnar verði fleiri.



Blær: markmiðið frá síðasta ári gekk vel þ.e. að Blær hefur haft sínar fastar stundir í vetur og gengið vel að vinna með hann.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla vináttu/félags þroska barna	Fræðsla til barnanna	Markvisst starf með Blæ	Deildar stjóri	Ágúst 2023	Júní 2024	Endurmat á deildarfundum	Skráning

#### 4. Innra mat sérkennslu

##### Mat á sérkennslu 2022-2023

<b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan hefur farið fram mest megnið inn á deildum. Þau börn sem eru með sérstuðning hafa nýtt sér skipulagðar stundir utan deildar.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Hljómur 2, EFI, AEPS, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn
<b>Hvaða námsefni var notað?</b> Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Keypt voru spil og leikföng til að nota í sérkennslu

##### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



	Virkja mannauðin meira	Auka fræðslu, dreifa ábyrgð	Sérkennslu stjórninn	Sep 2023	Vor 2024	Með matslistum og fundagerðum. Rýna í niðurstöður á mati	Lesi í gögn
	Mæta reglu lega á deildarfundi	Leiðbeina og eftir fylgni	Sérkennslu stjórn	Sep 2023	Vor 2024	Fundagerðir og samtöl	Skráning



## 5. Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt eru gögn og önnur námsgögn sem ætlaður er til málörvunar
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Gefðu 10, Lubbi og sjónrænt skipulag
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Sjónrænt skipulag, endurtekningar, Lubbi. Börnum er skipt upp í minni hópa
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Með gátlistum, EFI og Hljóm-2. Auk hæfnirammanna á vegum Gefðu 10
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við erum að gera vel, en getum alltaf gert betur. Fengum fyrirlestur frá Gefðu 10 og stefnum við á að nýta okkur það vel í starfi.

### Umbótaáætlun málörvunar 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Fara á deildar fundi	Koma með hugmyndir  Virkja Gefðu 10	Sérkennslu stjóri	Sep 2023	Vor 2024	Fundagerðum	Saman tekt frá starfs fólki hvernig vinnan fer fram

## 6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar 2023. Leikskólastjórinn og aðstoðarleikskólastjórinn tóku samtölin við hvern og einn starfsmann. Við báðum hvern og einn starfsmann í lok viðtalsins um að



nefna þeirra helstu fyrirmynd á vinnustaðnum og hvað einkennir þann starfsmann. Umræðurnar urðu skemmtilegar og ef sá starfsmaður hafði verið nefndur af öðrum sögðum við honum það. Mikil ánægja var með þetta og ætlum við að halda þessu áfram á næsta ári.

Almennt um starfið: Höfum lagt mikla áherslu á faglegt starf. Við eigum mikið af námsgögnum og höfum við sótt námskeið til að dýpka okkar þekkingu á þeim efnivið sem við eigum.

Hvað hefur gengið vel: Þessi vetur hefur einkenst af góðri samvinnu á milli allra deilda. Starfsfólk er meðvitað um að hjálpast að og vinna saman. Breyting varð á stjórnun leikskólans og í heildina litið hefur starfsfólk og foreldrar tekið vel þeim breytingum sem urðu á starfinu. Nýtt starfsfólk hefur talað um hvað það er vel tekið á móti þeim og hér ríkir yfirleitt mjög góður starfsandi.

Hvað má betur fara: Deildarfundir hafa verið að falla niður og stefnan er tekin á að koma því í lag með haustinu. Vinnustytting er frábær kjarabót og allir þakklátir fyrir hana en hún hefur tekið sinn toll. Við ætlum að breyta því fyrirkomulagi í haust með því að prófa að hafa einungis styttingu á föstudögum og vinna öll með sama dagskipulag þann daginn og hjálpast að.

Í vetur ætlum við að leggja áherslu á að vinna meira með fjölmenningu. Hefð hefur verið fyrir því að öll börn leikskólans hittast í sal skólans á föstudögum og syngja saman. Við ætlum að bæta við fjölmenningarfræðslu í söngstundina og nota skjávarpa. Þar munum við fjalla um eitt land í einu, skoða fána, umhverfið, matarmenningu og dýrin sem búa í því landi sem við fjöllum um hverju sinni.

Starfsþróun: Höfum nýtt skipulagsdagana vel til að sækja námskeið. Það er mikilvægur þáttur í því lærdómssamfélagi sem við búum við að fá endurmenntun og erum við opnar fyrir nýjum menntastefnum. Fórum í námsferð til Gdansk í Póllandi og var það mjög gagnleg ferð. Einnig nýtum við okkur þær hugmyndir sem við fáum í starfsþróunarsamtölum við starfsfólk um hvað þau vilja fræðast meira um.

Starfsaðstæður: Samkvæmt starfsmannakönnun er starfsfólk ánægt með starfsaðstæður í leikskólanum. Við búum að mjög fjölbreyttu leikefni og rýmið hér í húsinu nýtist mjög vel. Hvert rými er vel nýtt. Við þurfum að huga betur að hljóðvistinni til að minnka áreitið fyrir börn og starfsfólk.

Líðan í starfi: Samkvæmt starfsþróunarsamtölunum er líða starfsfólks almennt góð hér í Maríuborg. Fólk talar um að það hlakka til að mæta til vinnu og líður vel hér. Nýtt starfsfólk talar sérstaklega um hversu vel er tekið á móti því og finnur fyrir auknu sjálfsöryggi með hverjum deginum.

Samskipti: Við vinnum eftir samskiptasamning en hann felur m.a. í sér að koma hreint fram og vera góðar fyrirmyndir. Þegar starfsmaður byrjar að vinna hér í Maríuborg les hann samninginn og skrifar



undir. Starfsfólk fær góðar undirtektir þegar það kemur með nýjar hugmyndir og finnur að það sér hlustað á sig.

Símenntun: Sóttum námskeið í Hafnarfirði á vegum Saga story house og ber heitið Núvitund og nærandi skynjun. Þar var farið yfir mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér og hvernig við ræktum okkur sjálf. Mjög gagnlegt og fræðandi námskeið.

Einnig fengum við námskeið frá Jól Sæmundssyni um Framtíð menntamála. Námskeiðið bar fræðilegt yfirheiti en var svo glens og gaman og sýnir mikilvægi þess að geta hlegið og skemmt sér saman.

Hér í Maríuborg erum við með flogaveikt barn og mikið ofnæmisbarn. Fengum við fræðslu frá hjúkrunarfræðing um hvernig við notum Epi penna og hvernig við eigum að bera okkur að ef barn fær flogakast. Námskeiðið var mjög gagnlegt og var starfsfólk mun öruggara í kjölfarið í kringum börnin.

Á vegum Miðju máls og læsis fengum við námskeiðið Bernskulæsi og Gefðu 10.

Barnaheill bauð upp á námskeið varðandi Blæ og sóttu margir það námskeið og starfsfólk var duglegt að notfæra sér þau verkfæri sem kennd voru á námskeiðun og miðluðu einnig til samstarfsfólks síns.

Hluti af starfsfólkinu fór í námsferð til Gdansk í Póllandi og heimsóttum við tvo leikskóla og voru það mjög gagnlegar heimsóknir. Einnig sóttum við námskeið þar um heimspeki barna.

Þeir starfsmenn sem voru heima heimsóttu leikskólann Sólborg og munu frá námskeið um heimspeki í haust.

## **7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Ingunnarskóli er hverfisskóli Maríuborgar og fara flest börn frá okkur þangað. Auk þess eru sum börn sem fara í Sæmundarskóla og Dalskóla og höfum við farið með þau í heimsókn þangað. Við erum í góðu samstarfi við skólana sem eru hér næst okkur og gerum allt til að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla. Meginmarkmið samstarfsins er að auðvelda þeim að byrja á nýjum stað, auka öryggi þeirra í nýjum aðstæðum og koma þannig öruggari á í nýjan skóla.

Heimsóknir yfir í grunnskólana eru tíðar yfir veturinn, en markmiðið með heimsóknunum er að börn verði örugg í nýju umhverfi, kynnist kennurunum, sjái aðbúnað og kynnist helstu reglum og rati um skólann. Einu sinni í mánuði er farið í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar og fá þá börnin verkefnahefti sem þau vinna með allan veturinn (svipað og Snillingahefti), leika með leikefni og kynnist helstu kennslugögnum. Börnin fara í tölvur, fara í íþróttahúsið og fá að kynnast bókasafninu.



Einu sinni á önn er farið í söngsal með öllum börnum skólans. Í maí fara síðan börnin ásamt foreldrum sínum í heimsókn í frístundarheimilið Stjörnuland. Í þeirri heimsókn er starfsemi frístundarinnar kynnt, aðstæður skoðaðar og börnin leika sér þar og borða að því loknu í matsal Ingunnarskóla.

Sameiginleg læsisstefna Ingunnarskóla og Maríuborgar var gefin út árið 2014. Þar eru skýr markmið beggja skólanna að efla læsi, málþroska, skilning og orðaforða. Elstu börnin vinna með svokallað Snillingahefti sem miðar af því að byggja sterkan grunn fyrir læsi og talnaskilning. Verkefni eru sett saman og útfærð í samvinnu við kennara yngsta stigs Ingunnarskóla.

Markviss vinna er með elstu börnin og nefnist verkefnabókin Snillingahefti. Unnið er með tölustafi og bókstafi. Börnin eru í markvissri kennslustund fyrir skólahóp 2 sinnum í viku. Samkvæmt kennurum Ingunnarskóla eru þessi verkefnavinna að skila sér vel og finnst þeim börnin mjög vel undirbúin þegar þau koma til þeirra.

Á hverju vori er haldinn skilafundur við væntanlega kennara í grunnskólanum. Þá segja kennarar frá því helsta um börnin og kennarar fá niðurstöður út Hljóm-2 prófum sem lögð eru fyrir öll elstu börn leikskólans. Einnig er farið yfir ef einhverjar sérþarfir eru og hvernig er búið að vinna með það.

Tveimur elstu árgöngunum hefur staðið til boða að æfa fótbolta á skólatíma í íþróttasal Ingunnarskóla. Þá hafa kennarar fylgt börnunum yfir og sótt þau að loknum æfingum .

Í vetur komu upp rakaskemmdir í skólanum okkar og héldum við skólanum opnum á meðan framkvæmdum stóð. Við eigum Ingunnarskóla margt að þakka á þeim tímum, þau komu vel til móts við okkur og buðu okkur afnot af frístundarheimilinu á meðan verið var að vinna hér. Starfsfólk Ingunnarskóla lagði sig mikið fram og voru boðin og búin að finna lausnir á meðan við vorum að standa fram fyrir krefjandi aðstæðum á framkvæmdartímum.

## **8. Foreldrasamvinna**

Við í Maríuborg leggjum mikið upp úr góðum samskiptum við foreldra. Sérstök áhersla er lögð á dagleg samskipti kennara og foreldra um allt sem viðkemur barninu og eru allir stjórnendur skólans boðnir og búnir að ræða málin.

Foreldraráð Maríuborgar er skipað af þremur foreldrum auk leikskólastjóra. Kosið er í foreldraráð á haustin þegar foreldrafundir fara fram. Foreldraráð vinnur í góðri samvinnu við leikskólastjóra um starf leikskólans og fundar eftir þörfum um stærri mál varðandi starfið. Þegar nýr leikskólastjóri tók við var fundað með foreldraráði og þau höfð með í ráðum.



Foreldrafundir eru haldnir á haustin, en þá heldur hver og ein deild fund með foreldrum, starfsmenn eru kynntir og segja frá starfinu á deildinni og leikskólastjórinn segir frá áherslum leikskólans.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári, einu sinni á haustin og svo á vorin. Á vorin eru gátlistar kynntir fyrir foreldrum en þá er farið ítarlega yfir þá þætti sem er verið að vinna með í þroska barnsins.

Öflugt foreldrafélag er starfrækt á leikskólanum, en það er skipað átta foreldrum auk aðstoðarleikskólastjóra. Einn til tveir foreldrar eru á hverri deild og er hlutverk foreldrafélags að bæta við starf og skemmtun barnanna og gefa foreldrahópnum og börnum meira tækifæri til að kynnast betur. Foreldrafélagið hefur boðið upp á jólaföndur, sjá um sumarhátíðina með því að leigja hoppukastala, greiða fyrir rútuferð fyrir elstu börnin þegar þau fara í útskriftarferð og svo núna í vor buðu þau upp á fimleikaskemmtun í Gerplu.

## 9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar næsta skólaárs verða sex talsins. Fyrsti skipulagsdagurinn verður 6.október og munum við fá skyndihjálparnámskeið þar sem komin eru tvö ár síðan við fengum fræðsluna síðast, auk þess að hafa starfsmannafund og skipuleggja vetrarstarfið. Þann 24. nóvember fáum við fyrirlestur um heimspeki barna og verðum við með Brekkuborginni og fáum við afnot af Guðríðarkirkju. Þann 2. janúar verður skipulagsdagur. Hann verður notaður í starfsmannafundi, tiltekt eftir jólin og deildarfundi. Í byrjun febrúar verður stóri matsdagurinn okkar þar sem verður farið í endurmat og farið yfir umbótaráætlun leikskólans. Í lok mars er ætlunin að fá námskeið á vegum Miðju Máls og læsis. Þann 17. maí er svo skipulagsdagur en það er óákveðið hvað við munum gera þann dag. Dagskrá skipulagsdaganna er sett niður út frá þeim óskum sem komu fram í starfsþróunarsamtölum. Helstu viðburðir og hefðir hafa fest sig í sessi í Maríuborg og munu einnig eiga sinn sess skólaárið 2023-2024. Þar má helst nefna litamánuði sem tengjast því þema sem unni er með í hópahæftum, en einnig ýmsum átökum í Þjóðfélaginu líkt og Bleika slaufan í október sem er bleikur mánuður hjá okkur. Þá verður fjölskyldukaffi í kringum afmæli leikskólans í nóvember og ömmu og afa kaffi í tengslum við þorrann. Að sjálfsögðu höldum við upp á íslenskar hátíðir eins og jól og páska. Sjá má skóladagatal Maríuborgar 2023-2024 í fylgiskjali 2.

## 10. Fylgiskjöl

F.h leikskólans Maríuborgar

Agnes Veronika Hauksdóttir

3. júlí 2023

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





## 10.1 Fylgiskjal 1-Umsögn foreldraráðs

### Starfsáætlun 2023-2024

#### Maríuborg

#### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Aðalheiður Kristinsdóttir

Áslaug Karen Jóhannsdóttir

María Hrafnsdóttir



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundarstarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barn og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótarmiðuð innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/ eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum Innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaráætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaráætlun
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir
- Umsögn foreldrarráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundarsviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfssemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans eru skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/ eða Mennta og menningarmálaráðuneytis.

### Hlutverk foreldraráðs:

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrá og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### Umsögn foreldraráðs:

Starfsemi leikskólans er nú öll að komast í hefðbundið horf eftir rót síðustu ára. Þó eru eins og gengur og gerist, alltaf einhverjar uppákomur í starfi svona stórrar eininga. Rétt fyrir áramótin 2022 tilkynnti leikskólastjóri sem gegnt hafði afleysingum um uppsögn sína og hafði okkur í foreldraráði



Maríuborgar upplýst um hvernig ferlið væri og síðar úrlausn þessa máls. Tillaga foreldraráðs var að einhver úr starfslíði Maríuborgar tæki starfið að sér frekar en að utanaðkomandi yrði fenginn til þess. Eftir áramót tók nýr leikskólastjóri við afleysingarstöðunni og var um að ræða deildarstjóra af deild Maríuborgar. Þar með var áfram hægt að vinna í því markmiði að koma jafnvægi á bæði leikskólastarfi barna og starfsmannamál. Erum við sammála að það markmið hafi tekist vel og leikskólastjóri og starfsmenn Maríuborgar eiga hrós skilið.

Starfsmenn og börn leikskólans tókust vel á við annað mál sem upp kom þ.e. viðgerðir á húsnæðinu vegna raka- og myglu sem er þó ekki að fullu lokið miðað við kynningu sem foreldrar fengu frá framkvæmdaaðilum.

Foreldraráð Maríuborgar hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun og leikskóladagatal fyrir skólaárið 2023-2024.

Einnig hefur verið farið yfir greinagerð um starf síðasta árs þar sem m.a. voru niðurstöður úr innra og ytra mati leikskólans og umbótaráætlun fyrir fyrir skólaárið 2023-2024. Úr innra mati kom sú ánægjanlega niðurstaða að bætt samvinna og þar með betri líðan starfsfólks hafi dregið úr skammtímafjarvistum.

Grunn starfsemi deilda er svipuð og árið áður en markmiðin eru sett þannig fram að þróun á leikskólastarfinu mun áfram eiga sér stað. Það er ljóst að starfsmenn Maríuborgar leggja sig fram við að halda uppi metnaðarfullu starfi á markvissan hátt til að þroska og þróa börnin okkar til að takast á við framtíðina sína.

Foreldraráð kom með tillögu varðandi vinnu í kringum fjölmenningu sem tekin var til greina. Varðandi skipulag næsta vetrar þá er fyrirhugað að endurskipuleggja hvernig starfsfólk nýtir styttingu vinnuvikunar og er nú stefnt að því að nýta föstudaga til þess og verður skólastarfið miðað við það.

Foreldraráð Maríuborgar:

Aðalheiður Kristinsdóttir

Áslaug Karen Jóhannsdóttir

María Hrafnisdóttir



# 10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2023-2024

## Leikskóladagatal 2023-2024

### Mariuborg

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JUNÍ	JULÍ
p	1 F Þráttadagur milliþur	1 S	1 M Þráttadagur milliþur	1 M Þráttadagur	1 F Félagsdagurinn	1 M Þráttadagur	1 F Mikur milliþur	1 F Óskur milliþur	1 M Annar í Þóskum	1 M Félagsdagurinn	1 L	1 M
M	2 L	2 M Babur milliþur	2 F	2 F	2 L	2 Þ Skiptudagur	2 F	2 L	2 Þ Babur milliþur	2 F Ógamm milliþur	2 S Síminndagurinn	2 Þ
F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 S	3 M Óskur milliþur	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 M Babur milliþur	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
L	5 Þ	5 F	5 S	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
S	6 M	6 F Skiptudagur	6 M	6 M	6 M	6 L Þrettándin	6 Þ Skiptudagur	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F Rugl dagur	7 S
P	8 F Dagur nesis	8 S	8 M Barndagur gjarn einni	8 F	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
M	9 L	9 M	9 F	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Útgangsdagur	9 S	9 Þ
F	10 S	10 Þ	10 F	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
F	11 M	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska tónmálans	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
L	12 Þ	12 F	12 S	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bollidagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
M	14 F	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Óskudagur	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
P	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
M	16 L	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
F	17 S	17 Þ	17 F	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Skiptudagur	17 M	17 M
F	18 M	18 M	18 L	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - ugghar Góu	18 M	18 F Barameisnagilab heist	18 L	18 Þ	18 F
L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 Þ Jólaball	19 F	19 M Veiðidagur - grunnskóla	19 Þ	19 F	19 S Heilsumdagur	19 M	19 F
S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 M	20 L	20 Þ Veiðidagur - grunnskóla	20 M	20 L	20 M Annar í Hálsinu	20 F	20 L
M	21 F	21 L	21 F	21 F	21 F	21 S	21 M	21 F	21 F	21 Þ	21 F	21 S
Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
M	23 L	23 M	23 F	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
F	24 S	24 Þ	24 F	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S Þámsunndagur	24 M	24 F	24 M	24 M
F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
L	26 Þ	26 F	26 F	26 F	26 F	26 M	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 F	26 F
S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
M	28 F	28 F	28 F	28 F	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
P	29 F	29 F	29 F	29 F	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
M	30 L	30 M	30 L	30 L	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
F	31 Þ	31 F	31 S	31 M	31 S	31 M	31 S	31 S	31 F	31 F	31 F	31 M